

59 Stúlka þessi bjó með barnsföður sínum Mariusi A. Runólfssyni; hafði hún
 20. apríl áður átt með honum 2 börn, er hjá þeim voru, og lá á sæng eftir að hafa átt
 með honum 3. barnið, þegar henni var veittur styrkurinn, og var sængurlegan
 orsök þess, að hún varð þurfandi. Því hefir verið haldið fram, að styrkurinn
 hefði átt að veitast barnsföðurnum sem húsráðanda, og að barnsmóðirin hafi verið
 hjú hans, en þó svo hefði verið, sem ekki verður talið rjett, heldur fremur að
 fjelagsbúskapur hafi átt sjer stað meðal foreldra barnanna, þá hefði það ekki
 getað talist rjett eftir atvikum að veita barnsföðurnum styrkinn. Styrksþörfin
 stafaði af sængurlegu kvenmannsins og þörfum barnanna, og var því rjett að
 veita henni styrkinn. Það hefir enn fremur verið á talið, að ekki hafi verið tekin
 skýrsla af henni sjálfri, heldur hafi barnsfaðirinn gefið skýrsluna fyrir hennar
 hönd. En þarsem það er upplýst, að ekki varð tekin skýrsla af stúlkunni sjálfri
 vegna sjúkleika hennar og skýrsla sú, er barnsfaðirinn gaf fyrir hana, hefir ekki
 verið vefengd að efni til, virðist þetta ekki getað frýjað framfærsluhreppinn frá
 endurgjaldi á styrknum, og sama er eftir atvikum að segja um þá aðfinslu, að
 stúlkan hafi ekki sjálf beðið um styrkinn.

Samkvæmt þessu úrskurðast hjermeð, að Rangárvallahreppi beri að end-
 urgreiða Reykjavíkurbæ framangreindan fátækra styrk með 30 kr.

Þetta er yður hjermeð tjáð til leiðbeiningar, birtingar fyrir hreppsnefnd
 Rangárvallahrepps og frekari ráðstöfunar.

60 Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Dalasýslu um flutning þingstaðar.
 21. maí Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi, dags. 12. þ. m., og
 beiðni hreppsnefndarinnar í Miðdalahreppi, veitir stjórnarráðið hjermeð samþykki
 sitt til þess, að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Sauðafelli að Stóra-
 Skógi, með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um að til verði jafnan á hinum
 nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

61 Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu um endurveitingu á
 7. júní hlunnindum fyrir sparisjóð Húsavíkur.

Útaf beiðni, sem hingað hefir borist frá stjórnarnefnd sparisjóðs Húsa-
 víkur, vill stjórnarráðið hjermeð endurveita nefndum sjóði um 5 ár, frá 1. maí
 þ. á. að telja, hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. janúar 1874, um hlunn-
 indi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, að ekki rýrni trygg-
 ing sú, sem nú er fyrir því, að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðanna um
 reikningsskil í lögum sjóðsins sje nákvæmlega gætt og að forstöðunefnd sjóðsins
 sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo